

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Deiliskipulagsbreyting, miðbær Hafnarfjarðar, reitur 1.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 29. september sl., breytingu á deiliskipulagi miðbæjar, reit 1. Í breytingunni sem nær til reits sem afmarkast af Strandgötu, Reykjavíkurvegi, Austurgötu og Linnetsstíg, felst m.a. að byggingarheimildum frá 2001 er breytt. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Nýtt deiliskipulag fyrir reit 7A í Hamranesi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 1. september 2021 deiliskipulag á reit 7A í Hamranesi.

Á deiliskipulagsreitnum sem úthlutað var sem þróunarreit er gert ráð byggingarreit fyrir þrjú klasahús með að hámarki 165 íbúðum. Málsmeðferð var skv. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 24. janúar 2022.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anna Margrét Tómasdóttir.